

**Efnahags- og  
viðskiptaráðuneyti**

**Minnisblað**

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**  
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**  
Dagsetning: **08.06.2010**  
Málsnúmer: **EVR09100268**  
Bréfalykill: **3.1**

Efni: **Frumvarp - Lög um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki - 2009**

Óskað var eftir umfjöllun ráðuneytisins um þá gagnrýni sem Félag löggiltra endurskoðenda og Endurskoðendaráð hefur gert við tillögur um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki og fara þær hér á eftir.

**1. Gagnrýni Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) og Endurskoðendaráðs**

Viðskiptanefnd hefur lagt til eftirfarandi breytingar á frumvarpi til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki (breytingar feitletraðar):

*Við 43. gr. Greinin orðist svo:*

*Eftirfarandi breytingar verða á 90. gr. laganna:*

- a. *Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: **Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtækið.***
- b. *Við 2. mgr. bætast þrjár nýir málslíðir, svohljóðandi: **Endurskoðanda eða endurskoðunarfélag skv. 1. mgr. skal kjósa til fimm ára á aðalfundi fjármálafyrirtækis. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 1. málsl. lauk. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. getur fjármálafyrirtæki vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu áliti endurskoðendaráðs.***

Að mati Félags löggiltra endurskoðenda og endurskoðendaráðs felast verulegar takmarkanir á atvinnufrelsi í þessum tillögum um að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki megi ekki gegna öðrum störfum fyrir viðkomandi fjármálafyrirtæki. FLE og endurskoðendaráð telja að ákvæðið sé í raun óþarft þar sem sérstakur kafli í lögum um endurskoðendur fjalli um óhæði endurskoðenda og siðareglur þeirra. Er í þeim ákvæðum get ráð fyrir því að óhæði endurskoðanda verði metið í hverju tilviki fyrir sig. Að mati endurskoðendaráðs girðir algert bann, eins og lagt er til í breytingartillögu viðskiptanefndar, fyrir slíkt mat og af þeim sökum getur skerðing á atvinnuréttindum orðið meiri en þörf er á í einstökum tilvikum. FLE telur einnig að ákvæðið geti sett aðra hluti í uppnám, s.s. ýmsa „staðfestingarvinnu“ sem endurskoðendur sinna fyrir fjármálafyrirtæki t.d. áritun árshlutareiknings en rökstyður þá staðhæfingu ekki nánar. Af þessu tilefni vill ráðuneytið taka fram að ákvæðinu er fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir að endurskoðandi sinni öðrum störfum fyrir fjármálafyrirtæki, veiti t.d. ekki ráðgjöf um rekstrar- og fjárhagsleg atriði og skattaleg málefni eða hafi hönd í bagga í öðrum ákvörðunum fyrirtækisins sem áhrif geta haft á afkomu þess. Með slíkri ráðgjöf væri endurskoðandi í raun að endurskoða atriði sem byggjast á ráðgjöf frá honum. Ekki er ætlunin að koma í veg fyrir að endurskoðandi geti sinnt t.d. áritun árshlutareikninga eða einhvers konar staðfestingu á gögnum sem byggjast á ársreikningi fyrirtækis. Þá bendir FLE á að starfandi séu hjá lánastofnunum endurskoðendaneindir sem eiga að hafa eftirlit með endurskoðendum, sbr. IX. kafla

laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Hlutverk þeirra er m.a. að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu, eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar, fara með mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki. Ráðuneytið telur að breytingartillaga viðskiptanefndar styrki mat og starfsemi endurskoðunarnefnda enn frekar.

Ráðuneytið deilir því ekki áhyggjum með FLE og endurskoðendaráði. Að mati þess eru breytingartillögur viðskiptanefndar nánari útfærsla á þeim ákvæðum sem eru í 19. gr. laga um endurskoðendur, sbr. „Í endurskoðunarverkefnum skal endurskoðandi og endurskoðunarfyrtæki vera óháð viðskiptavini sínum, bæði í reynd og ásýnd. **Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun** ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að **vekja efa um óhæði** hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl **eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.**“ (feitletrun ráðuneytisins)

Hvað varðar aðkomu endurskoðendaráðs að brottvikningu endurskoðanda bendir ráðið á að hlutverk þess, samkvæmt breytingartillögu viðskiptanefndar, sem umsagnaraðila við brottvikningu endurskoðanda hjá einkaaðila virðist samrýmast illa því opinbera eftirlitshlutverki sem ráðinu er falið með lögum um endurskoðendur. Einkum gæti slík aðkoma ráðsins á fyrri stigum máls verið til þess fallin að hafa áhrif á aðkomu þess á síðari stigum málsins, sbr. 20. gr. laga um endurskoðendur. FLE telur að ákvæðið samrýmist illa eftirlitshlutverki ráðsins og telur að úrræði þau sem koma fram í lögum um endurskoðendur séu nægjanleg.

Í 20. gr. laga um endurskoðendur segir svo í 1. mgr. „Ef ekki er annað áskilið í lögum eða í samþykktum fyrirtækis eða samið er um annað helst starf endurskoðanda samkvæmt lögum þessum þangað til annar endurskoðandi tekur við. Endurskoðandi getur þó látið af starfi áður en ráðningartíma hans lýkur **en þá ber honum og eftir atvikum stjórn þess aðila sem í hlut á að tilkynna starfslok endurskoðandans og ástæður þeirra til endurskoðendaráðs.** Ekki er hægt að segja upp samningi um endurskoðun vegna ágreinings um reikningsskilareglur eða endurskoðunaraðferðir.“

Af þessu tilefni telur ráðuneytið rétt að rifja upp ákvæði 15. gr. laga um endurskoðendur, en greinin er svohljóðandi:

Hlutverk endurskoðendaráðs er að hafa **eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði þessara laga, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.**

Endurskoðendaráð skal sérstaklega fylgjast með:

1. að endurskoðandi uppfylli skilyrði til löggildingar,
2. að endurskoðandi uppfylli kröfur um endurmenntun,
3. að reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja fari fram,
4. að til séu siðareglur og endurskoðunarstaðlar.

Endurskoðendaráð skal hafa samvinnu við **lögbær yfirvöld** í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum við eftirlit og rannsókn með störfum endurskoðenda. (feitletrun ráðuneytisins)

Er ráðuneytið ósammála því viðhorfi endurskoðendaráðs og FLE að ákvæði breytingartillögu viðskiptanefndar samrýmist illa því opinbera eftirlitshlutverki sem ráðinu er falið. Þvert á móti telur ráðuneytið fullt samræmi á milli þess hlutverks og þess að gefa álit um tilefni þess að sagt sé upp starfssamningi endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis áður en áskilinn starfstími er liðinn.

Að lokum vill ráðuneytið beina því til viðskiptanefndar að heppilegra er að nota hugtakið

„endurskoðunarfyrirtæki“ en „endurskoðunarfélag“, sbr. orðanotkun laga um endurskoðendur.